

130 gerð þessa. Jafnframt falla úr gildi frá og með 1. okt. n. k. reglugerð nr. 84 17. ág. 23. sept. 1947 og reglugerð nr. 85 13. ág. 1947.

Viðskiptamálaráðuneytið, 23. september 1947.

Emil Jónsson.

Jón Guðmundsson.

131
23. sept.

REGLUGERÐ

um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, sbr. lög nr. 37 12. júní 1939 og lög nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Heildsölum og smásölum er bannað að láta úti benzín með öðrum hætti en ákveðið er í reglugerð þessari.

Allir þeir, sem eiga eða hafa undir höndum benzínbirgðir fram yfir það, sem er á geymum farartækja, eru skyldir, að viðlögðum drengskap, að tilkynna lög-
reglustjóra strax eftir að reglugerð þessi gengur í gildi, hversu miklar slíkar benzínbirgðir þeirra eru þá, og hvar þær eru geymdar. Lögreglustjórar tilkynna síðan skömmtunarskrifstofu ríkisins niðurstöðutölur um benzínbirgðir.

2. gr.

Bannað er að afhenda benzín til annarrar notkunar en bifreiðaaksturs, nema eftir reglum, sem viðskiptanefnd setur.

3. gr.

Eftir að reglugerð þessi er gengin í gildi, er eigendum og umráðamönnum benzínbirgða óheimilt að selja, láta úti eða að taka til eigin nota nokkurt benzín til bifreiðaaksturs eða annarrar notkunar fram yfir þann skammt, sem ákveðinn verður með auglýsingu skömmtunarstjóra fyrir byrjun hvers skömmtunartímabils, og aðeins gegn afhendingu skömmtunarmiða.

Skömmtunarstjóri auglýsir ákvörðun viðskiptanefndar um, hversu langt hvert skömmtunartímabil skuli vera, svo og hve mikill benzínsskammtur skuli vera á hverjum tíma fyrir hvern flokk bifreiða.

Skammtur verður mismunandi hér fyrir strætisvagna, almenningsbifreiðar og aðrar leigubifreiðar til mannflutninga, mjólkurflutningabifreiðar, einkabifreiðar, vörubifreiðar, læknabifreiðar, smávörubifreiðar og bifhjól.

Leigubifreiðar til mannflutninga teljast hér þær bifreiðar, sem hinn 1. júlí 1947 voru skrásettar og tryggðar sem leigubifreiðar, eða sem síðar fá viðurkenningu samgöngumálaráðuneytisins sem leigubifreiðar.

4. gr.

Ekki má, nema með leyfi lögreglustjóra, eftir reglum sem skömmtunarstjóri setur, afhenda í einu meira benzín en það, sem nægir til að fylla benzíngeyma bifreiðar eða bifhjóls þess, sem benzínið tekur, og má ekki tæma benzíngeyma þeirra

á annan hátt en með eðlilegri eyðslu gangvélar farartækisins, nema þess þurfi vegna bilunar á því, eða það sé tekið úr notkun. 131
23. sept.

5. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur viðskiptanefnd heimilað skömmtunarstjóra að veita tiltekinn aukabenzínskammt til bifreiða og annarra véla eftir reglum, sem hún setur í samráði við fjárhagsráð.

Enn fremur getur viðskiptanefnd heimilað skömmtunarstjóra að veita ökutækjum, sem skrásett eru erlendis, benzínskammt eftir dvalartíma þeirra hér á landi og tegund ökutækis.

6. gr.

Allur ónauðsynlegur akstur leigubifreiða til mannflutninga er bannaður að næturlagi milli kl. 23 og 7, nema fyrir tiltekna tölu bifreiða, er fær leyfi til næturvörzlu eftir ákvörðun samgöngumálaráðuneytisins.

Allar leigubifreiðar til mannflutninga, sem fá benzínúthlutun sem slíkar, skulu greinilega auðkenndar af viðkomandi lögreglustjóra með álímdum miða innanvert á framrúðu og afturrúðu bifreiðarinnar. Skal á miða þessum standa prentað greinilegu letri bókstafurinn L, og skal miðinn vera stimplaður embættisstimpli viðkomandi lögreglustjóra.

Leigubifreiðar til mannflutninga, sem aka án tilskildra einkenna samkvæmt þessari grein, eða á öðrum tíma en reglugerð þessi kveður á um, skulu sæta sektum, eigi lægri en 100 kr. fyrir fyrsta brot og hækkandi sektum ef um ítrekuð brot er að ræða.

7. gr.

Engin fólksflutningabifreiðastöð getur fengið skömmtunarleyfi fyrir fleiri bifreiðar en hún hefur fastráðna bifreiðastjóra á. Forráðamönnum bifreiðastöðvanna er skylt að tilkynna viðkomandi lögreglustjóra strax og reglugerð þessi gengur í gildi, fjölda bifreiða, sem á stöðinni eru, og skrásetningarmarki þeirra. Hætti bifreið störfum á stöðinni, ber að tilkynna það jafnharðan til lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi.

Fólksflutningabifreiðastöðvum er óheimilt eftir gildistöku þessarar reglugerðar að auka við tölu þeirra fólksflutningabifreiða, sem þá eru starfandi á bifreiðastöðinni, og ber slíkum stöðvum að tilkynna viðkomandi lögreglustjóra þá þegar tölu slíkra bifreiða á stöðinni, skráningarnúmer þeirra, nafn eiganda, nafn bifreiðarstjóra og annað það, er lögreglustjóri telur að máli skipti í þessu sambandi.

8. gr.

Skömmtunarstjóri getur, samkvæmt ákvörðun viðskiptanefndar, bannað sölu á benzíni tiltekna daga eða tiltekinn hluta sólarhrings.

9. gr.

Lögreglustjórar skulu annast afhendingu á benzínskömmtunarheftum. Þegar afhending heftis fer fram, skal skrá í það:

1. Fullt nafn og heimili eiganda farartækis.
2. Skrásetningarmarki farartækis.
3. Tegund bifreiðar, þ. e. hvort um strætisvagn, almenningsbifreið, mjólkurflutningabifreið, leigubifreið til mannflutninga, læknisbifreið, einkabifreið, smávöru-bifreið, vörubifreið eða bifhjól sé að ræða.
4. Úthlutunartímabil það, sem heftið gildir fyrir.
5. Vegalengdarmælisstöðu í upphafi tímabils.
6. Benzínmagn það, sem farartækinu er úthlutað á hverju úthlutunartímabili.

- 131 7. Raunverulega benzíneyðslu á næsta úthlutunartímabili á undan.
23. sept. 8. Nafn og embættisinsigli þess, er afhendir heftið.

Inn í heftið skal festa arkir með skömmtunarmiðum. Þessir miðar hljóða á 1 og 5 lítra af benzíni og skulu þeir vera mismunandi stórir eftir gildi sínu. Enn fremur skal á hvern miða skrá fyrir hvaða tímabil hann gildir.

Miðarnir skulu vera þannig, að auðvelt sé að losa hvern einstakan frá hinum. Skal frá örkunum þannig gengið, að tiltekinn fjöldi þeirra megi festa inn í hvert hefti, eftir því sem við á og úthlutað er fyrir hvert tiltekið tímabil, samkvæmt auglýsingu þeirri, sem um getur í 3. gr.

Ef eigandi eða umráðamaður farartækis hefur, er skömmtun hefst, átt benzín, sem skylt er að gefa upp samkvæmt 2. mgr. 1. gr., skal við fyrstu og, ef með þarf, síðari úthlutanir nema úr hefti farartækis hans miða, sem svara til magns birgðanna.

Eigi mega lögreglustjórar afhenda heftin til annarra farartækja en þeirra, sem skrásett eru innan lögsagnarumdæmis þeirra, og hafa gilt skoðunarvottorð. Þó má gera undantekningu frá þessu um farartæki, sem stödd eru innan annars lögsagnarumdæmis og eigendur þeirra eða umráðamenn færa sönnur á það fyrir lögreglustjóra, að þau geti ekki komið til þess lögsagnarumdæmis, þar sem þau eru skrásett, áður en nýtt skömmtunartímabil hefst, en tilkynna skal það símleiðis lögreglustjóra í lögsagnarumdæmi því, þar sem bifreiðin er skrásett.

Eigi einstaklingur eða fjölskylda, sem á sameiginlegt heimili, fleiri einkabifreiðar en eina, má eigi láta úti benzínskömmtunarhefti nema fyrir eina bifreið slíks einstaklings eða fjölskyldu.

Enginn getur fengið nýja benzínmiða, nema hann sýni skömmtunarhefti. Nú glatast skömmtunarhefti og ákveður þá skömmtunarstjóri, hvort gefa skuli út nýtt hefti.

Þegar nýir miðar eru afhentir eiganda eða umráðamanni fólksbifreiðar, skal lögreglustjóri athuga, hvort benzínnotkun hefur verið eðlileg. Nú kemur í ljós við þessa athugun, að akstur farartækis er verulega annar en ætla má samkvæmt benzínnotkuninni, og skal þá eigi afhenda nýja skömmtunarmiða til hlutaðeigandi umsækjanda, heldur skal sá, sem brotlegur er, sæta viðurlögum samkvæmt 15. gr.

Nú er kílómetra- eða mílumælir farartækis ekki í lagi, þegar reglugerð þessi gengur í gildi og skal þá eigandi þess eða umráðamaður hafa látið gera við hann áður en næsta úthlutunartímabil hefst. Eftir þann tíma verður benzín ekki afhent til annarra farartækja en þeirra, sem hafa mælitæki sín í lagi, nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra.

Eigendur eða umráðamenn vörubifreiða geta ekki fengið afhenta benzinbók nema vörubifreiðin sé sannanlega aksturshæf og hafi áður verið í akstri. Nýjar vörubifreiðar, sem eru að hefja starfsemi, fá því aðeins benzinbók, að þær geti sannað að þær ætli að fara í einhvers konar atvinnu.

Eigendur eða umráðamenn vörubifreiða skulu mánaðarlega fá benzinbók hjá viðkomandi lögreglustjóra og skulu þeir framvísa við hann vinnunótum, er sýni hve margar vinnustundir bifreiðin hefur verið notuð í næstliðnum mánuði, í fyrsta sinn í byrjun nóvember þ. á. Allir þeir, er kaupa vinnu vörubifreiða eða hafa hennar not, skulu skyldir að láta bifreiðastjóra slíkrar bifreiðar í té daglega, eða að sérstöku verki loknu, vinnunótu, er sýni hve margar stundir bifreiðin hefur starfað að akstri.

Komi í ljós, að verulegur mismunur sé á notkun benzíns handa bifreiðinni samkvæmt benzinbókinni, við það sem ætla má að bifreiðin hafi notað við akstur samkvæmt vinnunótum, skal lögreglustjóri nema úr hinni nýju benzinbók miða til jafns við það, er hann telur að til vanti að bifreiðin hafi notað af benzíni til vinnu þeirrar, er vinnunóturnar sýna.

10. gr.

Þegar smásali lætur af hendi benzín, skal hann samtímis taka úr heftinu miða fyrir því magni, sem hann selur í hvert skipti, og má eigi afhenda benzín gegn lausum miðum.

Smásali getur eigi fengið afhent benzín af heildsölubirgðum nema hann afhendi samtímis heildsalanum miða fyrir samsvarandi magni. Þó getur skömmtnunarskrifstofa ríkisins gefið undanþágu frá þessu, ef sérstaklega stendur á.

Heildsöluverzlanir skulu í byrjun hvers mánaðar afhenda skömmtnunarskrifstofu ríkisins miða þá, sem þær hafa fengið frá smásölum næsta mánuð á undan, ásamt skýrslum um innkaup sín og sölu þann tíma, svo og birgðir í lok hvers mánaðar.

11. gr.

Nú rís ágreiningur út af skömmtnun til farartækis og sker þá lögreglustjóri úr honum. En áfrýja má þeim úrskurði til skömmtnunarstjóra, sem leggur endanlegan úrskurð á ágreininginn.

12. gr.

Skömmtnunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, rannsakað benzínbirgðir heildsala og smásala. Skulu starfsmenn skrifstofunnar sjálfrar framkvæma slíkar birgðatalningar og talningu skömmtnunarmiða, þar sem því verður við komið.

Sá, sem talningu á benzínbirgðum framkvæmir, skal hafa meðferðis frá skömmtnunarskrifstofunni skilríki, er sýni, að hann hafi heimild til að framkvæma birgðakönnunina.

13. gr.

Skömmtnunarskrifstofa ríkisins setur nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef þurfa þykir.

14. gr.

Umskráningar (tilfærslur á einkennismerkjum) ökutækja, hvort heldur er innan sama umdæmis eða milli umdæma, mega ekki fara fram án vitundar skömmtnunarskrifstofu ríkisins.

Verkstæðum, er taka að sér viðgerðir á ökutækjum eða öðrum vélum, er nota benzín sem aflagjafa, er skylt að tilkynna skömmtnunarskrifstofu ríkisins, er þau taka á móti slíkum ökutækjum eða vélum, sem fyrirsjáanlegt er að verða ónot hæfar lengur en 3 daga. Sömu aðilar skulu tilkynna skömmtnunarskrifstofu ríkisins er aðgerð er lokið.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 200 000 kr. Gildir þetta jafnt um þá, sem kaupa eða selja benzín og aðra, sem brjóta gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Enn fremur skal afnema benzínskammt bifreiðar, ef eigandi hennar verður brotlegur við reglugerðina, eigi skemur en 3 mánuði og eigi lengur en 2 ár. Fara skal með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

Þá er heimilt að leggja við allt að 200 kr. dagsektir, ef benzínsalar skila ekki á tilteknum tíma skýrslum þeim um benzínbirgðir, sem nauðsynlegar eru til framkvæmda þeim ráðstöfunum, sem um ræðir í reglugerð þessari, samkvæmt fyrir-mælum skömmtnunarstjóra. Samgöngumálaráðuneytið ákveður dagsektir þessar í ábyrgðarbréfi eða simskeyti til aðila, og skal þar tekið fram frá hvaða tíma þær falla á.

131

23. sept.

16. gr.
Reglugerð þessi öðlast gildi frá og með 1. okt. 1947 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 86 13. ágúst 1947.

Viðskiptamálaráðuneytið, 23. september 1947.

Emil Jónsson.

Jón Guðmundsson.

132

27. sept.

REGLUGERÐ

um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara skulu vera sem hér segir:

Í menntaskólum	kr. 7.70	fyrir	hverja	kennslustund
- Kennaraskóla Íslands, vélstjóráskólanum og stýrimannaskólanum	— 7.20	—	—	—
- gagnfræða- (og héraðs)skólum	— 6.50	—	—	—
- íþróttakennaraskólanum og húsmæðrakennaraskólanum	— 6.00	—	—	—
- húsmæðraskólum og unglingskólum	— 5.25	—	—	—
- barnaskólum	— 4.70	—	—	—

Orlofsfé er talið með í launum þessum.

Laun stundakennara í þeim skólum, sem eigi eru hér greindir, en styrks njóta úr ríkissjóði, skulu ákveðin í samráði við fræðslumálastjórnina.

2. gr.

Verði breyting á kennslustundafjölda fastra kennara frá því, sem nú er ákveðið í lögum skólanna hvers um sig, breytast stundakennaralaunin í sama hlutfalli, þó þannig, að jafnan standi á heilum eða hálfum tug aura.

3. gr.

Á laun þau, er um ræðir í 1. gr., skal greiða verðlagsuppbót.

4. gr.

Prófdómarar njóta sömu launa og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við.

5. gr.

Stundakennsla greiðist af rekstrarfé skólanna hvers um sig.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 32. gr. laga nr. 60/1945, um laun starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi. Samtímis er úr gildi felld reglugerð nr. 96/1945, um laun stundakennara.

Menntamálaráðuneytið, 27. september 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.